

Stjórn Úrvinnslusjóðs

361. stjórnarfundur, mánudaginn 26. ágúst 2024 kl. 13:15-14:30

Teams

Dagskrá samkvæmt fundarboði

A. Til kynningar (30 mín)

- Eftirfylgniúttekt Ríkisendurskoðunar
- Skýrsla Epro og Expra
- Niðurstöður þjónustukönnunar Prósents
- Blautþurrkuherferð
- Nýr þjónustuaðili

B. Til samþykktar (30 mín)

- Minnisblað - Viðarumbúðir
- Siðareglur fyrir starfsfólk Úrvinnslusjóðs
- Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum - til umsagnar

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),
Anton Kári Halldórsson (AKH) í fjarveru LM

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Tillaga um niðurfellingu greiðslu meðhöndlunarkostnaðar vegna viðarumbúða var samþykkt.
- Siðareglur fyrir starfsfólk Úrvinnslusjóðs voru samþykktar.
- Samþykkt að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að senda umsögn vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum.

Fundargerð

A. Til kynningar

1. Eftirfylgniúttekt Ríkisendurskoðunar

SBJ kynnti svarbréf við eftirfylgni úttekt Ríkisendurskoðunar, en beiðni um athugasemdir við eftirfylgniúttektina barst sjóðnum 8. ágúst sl. Stjórn lýsti ánægju með hversu vel hefur verið haldið utan um eftirfylgni af hálfu Úrvinnslusjóðs.

2. Skýrsla Epro og Expra

SBJ kynnti skýrsluna An Overview of EPR Systems for Commercial & Industrial Packaging sem birt var í júlí 2024. Skýrslan sýnir stöðu á innleiðingu á milli landa.

3. Niðurstöður þjónustukönnunar Prósent

SBJ kynnti niðurstöður þjónustukönnunar ríkisstofnana 2024 fyrir tímabilið frá maí til júlí. Þátttakan er lítil og niðurstöður því vart marktækar. Skrifstofa Úrvinnslusjóðs mun hafa samband við Prósent til að athuga framkvæmd könnunarinnar.

4. Blautpurruherferð

EA kynnti framkvæmd niðurstöður blautpurruherferðar (auglýsinga) sem Úrvinnslusjóður rak á samfélagsmiðlum í júlí og ágúst.

5. Nýr þjónustuaðili

SBJ kynnti samning sem sjóðurinn hefur gert við 1990 efh. um að gerast þjónustuaðili fyrir viðarumbúðir.

B. Til samþykktar

6. Minnisblað – Viðarumbúðir

Lagt var fyrir minnisblað skrifstofu Úrvinnslusjóðs til stjórnar með tillögu um niðurfellingu meðhöndlunarkostnaðar vegna viðarumbúða. SBJ gerði grein fyrir tillögunni. Umræður. Tillagan var samþykkt samhljóða og skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að halda áfram endurskoðun vörflokksins.

7. Siðareglur fyrir starfsfólk Úrvinnslusjóðs

Stjórn tók fyrir drög að siðareglum fyrir starfsfólk Úrvinnslusjóðs. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

8. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum – til umsagnar

SBJ gerði grein fyrir framlagningu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Úrvinnslusjóður var ekki kallaður að borðinu við gerð áætlunarinnar þrátt fyrir að sjóðurinn sé framkvæmdaraðili að ákveðunum verkefnum og ábyrgðaraðili í úrgangsmálum, sbr. lið S.7.B.2 í áætluninni og lög sem tengjast sjóðnum. Umræður. Stjórn var sammála um að benda eigi á ágalla á samráði og taldi áhyggjuefni að sjóðurinn sé sniðgenginn í umræðu og ákvarðanatöku um úrgangsmál.

Skrifstofu sjóðsins var falið að senda, fyrir hönd stjórnar, umsögn um aðgerðaráætlunina í takt við umræður fundarins.

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir stöðu mála

Fundi slitið kl. 14:30

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.